

Einelti – skilgreining og forvarnir

Nemendur og starfsmenn í Sunnulækjarskóla eru sammála um að einelti og annað ofbeldi verði ekki liðið í skólanum. Leitað verður leiða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi í skólanum og leysa á farsælan hátt þau mál sem upp koma. Sunnulækjarskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem öllum á að líða vel.

Skilgreining

Einelti er síendurtekið, langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi sem ekki er fær um að verja sig.

Einelti getur verið:

Líkamlegt - barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk.

Munnlegt - uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni.

Skriflegt - bréfasendingar, rafræn skeyti s.s. sms eða tölvupóstur og veflægt, s.s. blogg eða samskiptasíður.

Óbeint - neikvæð líkamstjáning, baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi.

Einstaklingur sem verður fyrir einelti eða ofbeldi segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis.

Hugsanleg einkenni gætu verið ef nemandinn:

- er hræddur við að ganga einn í skólann eða heim
- vill ekki fara í skólann
- kvartar undan vanlíðan á morgnana
- hættir að sinna náminu, einkunnir lækka
- fer að koma heim með rifin föt og/eða skemmdar námsbækur
- byrjar að stama, missir sjálfstraustið
- leikur sér ekki við önnur börn
- neitar að segja frá hvað amar að
- kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt
- verður árásgjarn og erfiður viðureignar
- kemur heim í öllum hléum í skólanum
- vill ekki taka þátt í félagsstörfum í skólanum

Mikilvægt er að foreldrar og starfsmenn séu á varðbergi og geri viðvart ef grunur vaknar um einelti.

Forvarnir

Einn mikilvægasti þáttur í að vinna gegn einelti eru forvarnir. Þær hafa að markmiði að vinna með viðhorf, samskipti og aukinn skilning skólasamfélagsins á því hvað einelti er. Með öflugum forvörnum má draga úr líkum á að einelti eigi sér stað.

Eineltisfirlýsing

- Á haustin er eineltisfirlýsing Sunnulækjarskóla lesin og rædd með hverjum bekk og hún undirrituð.

Bekkjargundir

- Bekkjargundir eru haldnir reglulega í hverjum umsjónarhóp. Megin markmið bekkjargunda er að skapa öruggara andrúmsloft þar sem traust og samvinna ríkir.

Tengslakannanir

- Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendur að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári. Umsjónarkennarar fá með því betri yfirsýn yfir félagstengsl nemenda í sínum hóp. Jafnframt láta þeir eineltisteymið vita ef grunur um einelti vaknar.

Sjálfsmat nemenda

- Tvisvar á vetri gera nemendur sjálfsmat og skýra frá eigin líðan. Matið vinna nemendur heima hjá sér í vikunni fyrir foreldraviðtölin sem eru á haust- og vorönn. Æskilegt er að kennari nái að fara yfir matsblaðið fyrir foreldraviðtölin og undirbúi þau í takt við niðurstöður. Komi fram vísbendingar um einelti við matið gerir umsjónarkennari eineltisteymi viðvart.

Vinatengsl milli árganga

- Árlega eru skipulögð vinatengsl milli yngri og eldri nemenda í skólanum. Á söngstundum, litlu jólnum og við önnur tækifæri eru þessi vinatengsl virkjuð. Þessi tengsl eru líka til þess fallin að auka samheldni og samstöðu nemenda skólans og draga úr líkum á einelti.

Uppeldi til ábyrgðar

- Nemendum er kennt að þegar ágreiningur kemur upp þeirra á milli eru málin rædd og reynt að komast að málamiðlun og sátt. Til þess notum við tæki úr verkfærakistu Uppeldis til ábyrgðar.